

# Umferðaröryggisáætlun

## Borgarbyggðar



*2011*

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið.....	4
Slys í Borgarbyggð .....	4
Framkvæmdar aðgerðir.....	5
Fyrirhugaðar aðgerðir .....	6
Slys á þjóðvegum í Borgarbyggð.....	10
Heimildaskrá.....	14

## Inngangur

Umferðaröryggishópur Borgarbyggðar var stofnaður árið 2006 og var starfræktur til ársins 2010. Hlutverk vinnuhópsins var að vinna að stefnumörkun í umferðaröryggismálum í Borgarbyggð<sup>1</sup>. Í hópnum sátu Björn Bjarki Þorsteinsson, Sigríður G. Bjarnadóttir og Jóhannes Stefánsson. Jökull Helgason, forstöðumaður framkvæmdarsviðs var starfsmaður vinnuhópsins. Einnig sat Theodór Þórðarson nokkra fundi f.h. lögreglunnar í Borgarnesi. Hópurinn hrinti af stað mörgum framkvæmdum sem aukið hafa öryggi íbúa og annara sem leið eiga um sveitarfélagið svo um munar og verða þær framkvæmdir tilgreindar síðar í áætluninni.

Upphaf Umferðaröryggisátaksins var þann 16. mars 2010 þegar Umferðaröryggishópur Borgarbyggðar ákvað að hefja samstarf við Umferðastofu og var samstarfssamningur þessa tveggja aðila undirritaður þann 14. janúar 2011 af Páli S. Brynjarssyni sveitarstjóra Borgarbyggðar og Sigurði Helgasyni starfsmanni Umferðarstofu. Undirrituð var svo ráðin sumarið 2011 til að skrifa umferðaröryggisáætlun þessa.

Margir hagsmunaaðilar veittu aðstoð sína í formi gagna og leiðbeininga. Umferðarstofa veitti margvísleg gögn, sem dæmi má nefna slysatölur af svæðinu, leiðsögn og önnur gögn. Á síðu Umferðarstofu er að finna ákaflega vandað slysakort sem mikið var notað við gerð áætlunarinnar. Vegagerðin veitti bæði gögn um slysatíðni á ákveðnum stöðum, leiðsögn og ýmsar skýrslur. Einnig var sett tilkynning á síðu Borgarbyggðar þar sem íbúar voru hvattir til að senda inn ábendingar um hvað betur mætti fara í umferðaröryggismálum hjá Borgarbyggð.

Allar heimildir sem notaðar voru við vinnslu áætlunarinnar er að finna í möppu merktri Umferðaröryggisátak 2011, nema annað sé tekið fram.

---

Inga Björk Bjarnadóttir

---

<sup>1</sup> Fylgiskjöl (UÖH – fundargerðir): Fundargerð, 3. fundur þann 14. desember 2006

## Markmið

Markmiðið með áætlun þessari er að fækka umferðarslysum sem eiga sér stað í sveitarfélaginu, efla umferðaröryggi íbúa og annara sem leið eiga um sveitarfélagið og að eyða svartblettum í vegakerfinu. Sérstaka áherslu skal leggja á betrubætur er varðar öryggi óvarinna vegfarenda en oft eru þau slys þau alvarlegustu.

## Slys í Borgarbyggð

Umferðarslys valda margvíslegu tjóni, bæði fyrir þá einstaklingana sem í þeim lenda og fyrir samfélagið allt. Kostnaðurinn skiptist í tvo hluta: það sem leggst á þann sem fyrir slysinu verður og það sem leggst á samfélagið. Einstaklingur verður oftast en ekki fyrir tekju- og vinnutapi í kjölfar slyssins, og í mörgum tilfellum langvarandi líkamlegu- og/eða sálrænu tjóni, sem ekki verður metið til fjár. Um 60% kostnaðar tjónsins fellur á samfélagið í formi löggæslu, sjúkraflutninga, slysabóta og lækniþjónustu. Svo það er einnig hagur samfélagsins í efnahagslegum skilningi að fækka slysum <sup>2</sup>.

Borgarbyggð ber ábyrgð á að vegakerfi í þéttbýli sveitarfélagsins sé í lagi og að allir sem um sveitarfélagið fara séu öruggir í umferðinni. Farið var yfir þau slys sem hafa orðið í Borgarbyggð á síðast liðnum þremur árum í þéttbýli Borgarbyggðar en einnig var rýnt í þá staði þjóðvegsins í sveitarfélaginu þar sem flest slys hafa orðið, en betrubætur þeirra staða eru á ábyrgð Vegagerðarinnar. Þéttbýlisstaðir í Borgarbyggð eru Ásbrún (Bæjarsveit), Bifröst, Borgarnes, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir, Reykholt og Varmaland.

Eitt banaslys varð þegar ekið var á óvarinn vegfarenda, en slysið varð í nóvember árið 2010 í Borgarnesi. Þrjú slys voru með alvarlegum meiðslum, tvö þeirra þegar keyrt var á óvarinn vegfaranda og það þriðja við hliðarákeyrslu. Sjö slys voru með litlum meiðslum og tuttugu og fimm slys voru án meiðsla. Alls voru 136 slys og óhöpp (*tafla 4*) <sup>3</sup>.

Flest umferðarslys urðu í Borgarnesi, 120 af 136 (*tafla 1*) enda íbúar þar flestir. Flest slysin voru umferðaróhöpp án skaða á fólki, 125 af 136 (*töflur 1, 2 og 4*) og voru flest slysin

<sup>2</sup> Mannvit. 2010:7

<sup>3</sup> **Fylgiskjöl:** Töflur, loftmyndir og ýmis tölfræði.

flokkuð sem annað, eða 49 af 134 (*töflur 3 og 4*) en í þeim flokki eru umferðaróhöpp á bílastæðum, skemmdir sem rekja má til ástands vega, þegar ekið er á skepnur o.s.frv.<sup>4</sup>

Flest slys urðu árið 2008, eða 58. Árið 2009 urðu 37 slys en árið 2010 urðu 41 slys (*tafla 2 og 3*). Eitt banaslys varð á því tímabili sem rýnt var í, en það var árið 2010. Flest slys með alvarlegum meiðslum urðu árið 2008, árið 2009 urðu flest slys með litlum meiðslum og flest óhöpp án meiðsla urðu árið 2008<sup>4</sup>.

Þjóðvegurinn liggur í gegnum og/eða framhjá þrjú þéttbýli Borgarbyggðar, þ.e. Bifröst, Borgarnes og Kleppjárnsreyki. Mörg vandamál geta skapast þegar samtvinna þarf vegakerfi lítilla þéttbýla við umferðapunga þjóðvega. Taka þarf tillit til stórs hóps óvarðra vegfarenda, umferð þarf að ganga greiðlega o.s.frv. Á vegkafla þjóðvegsins sem liggur í gegnum Borgarnes er slysátíðni 0,8%, þar var mælt frá gatnamótum þjóðvegsins og Borgarbrautar að Hrafnakletti. Á vegkafla þjóðvegsins sem liggur framhjá Bifröst er slysátíðni 1%, þar var mælt frá Laxfossi að Vestfjarðavegi. Á vegkafla þjóðvegsins sem liggur framhjá Kleppjárnsreyki er slysátíðni 1,3%, þar var mælt frá nyðri enda Flókadalsvegs að Hvítá. Mest var umferð í gegnum Borgarnes en fæstir bílar fóru í gegnum Kleppjárnsreyki, þó slysátíðni þar sé hæst. Flest slys urðu í Bifröst, 19 talsins<sup>4</sup>. Nánari upplýsingar má finna í fylgiskjölum.

## **Framkvæmdar aðgerðir**

Fjórar hellulagðar upphækkaðar gangbrautir/hraðahindranir hafa verið settar upp á Borgarbraut, þ.e. við Tónlistarskóla Borgarfjarða (við gatnamót Skallagrímsgötu), við gatnamót Böðvarsgötu, hjá Dvalarheimili Aldraðra í Borgarnesi að Hyrninni (við gatnamótin að Brúartorgi) og á Borgarbraut við leikskólann Klettaborg.

Vinnuhópur umferðaröryggismála Borgarbyggðar setti í framkvæmd í byrjun árs 2011 að hámarkshraði yrði lækkaður niður í 30 km/klst í öllum íbúðargötum í þéttbýliskjörnum Borgarbyggðar. Undantekning var gerð í Borgarnesi á vegkafla frá gatnamótum Egilsgötu og út Borgarbraut til norðurs og er hámarkshraði þar 50 km/klst. En þess má geta að rannsóknir hafa

<sup>4</sup> **Fylgiskjöl:** Töflur, loftmyndir og ýmis tölfræði.

sýnt að ef keyrt er á óvarinn vegfarenda á 30 km/klst eru 90% líkur á því að einstaklingurinn lifi það af en ef hraðinn er aukinn upp í 50 km/klst lækka líkurnar í 20% <sup>5</sup>.

Rétt er að taka fram að lögreglusamþykktin um fyrrgreindar breytingar er í endurskoðun vegna ábendinga meðal íbúa við Borgarbraut og segja þeir mikinn hraðaakstur vera á Borgarbraut. Bílar hægja á sér þegar þeir koma að hraðahindrunum en vegna þess hve langt er á milli þeirra ná bílarnir upp góðum hraða áður en komið er að næstu hraðahindrun. 300 metrar eru á milli hraðahindrananna en sérfræðingar segja að ef draga á úr hraða sé hámarks fjarlægð á milli hraðahindrana 150 metrar <sup>6</sup>. Því þyrfti að setja eina hraðahindrun á milli þessa tveggja, en það er erfitt í framkvæmd vegna þess að miðja þessa vegkafla er í brekku. Til greina kemur að setja buldursspeli neðst í brekkuna en einnig liggur sú hugmynd fyrir að 50 km/klst hámarkshraði verði aðeins á þjóðveginum sem liggur í gegnum Borgarnesi og að annarsstaðar verði hámarkshraði 30 km/klst.

c Því er biðskylda við eftirtalin gatnamót: Túngata 1 – 8, Túngata 9 – 18, Túngata 17, Túngata 19 – 22, Túngata 23 – 27, Túngata 26 – 28, Túngata 29, Sóltún <sup>7</sup>.

## Fyrirhugaðar aðgerðir

Mikill vilji er fyrir því að gera betur í umferðaröryggismálum sveitarfélagsins og fækka slysum.

Hér kemur listi yfir fyrirhugaðar framkvæmdir hjá Borgarbyggð á næstunni.

- Gera á gönguleið við báða enda Borgarfjarðarbrúar, vestan megin. Gönguleiðin skal liggja frá afleggjara verslunarinnar Bónus að brúnni, og frá brúnni að útivistarsvæðinu Seleyri.
- Sett verður upp hellulögð gangbraut hjá biðskýli í Hrafnakletti, Borgarnesi. Hún myndi einnig nýtast sem hraðahindrun.

<sup>5</sup> Umferðaröryggisáætlunir sveitarfélaga, leiðbeiningar, bls. 20.

<sup>6</sup> Hraðatakmarkandi aðgerðir. 2006:4

<sup>7</sup> **Fylgiskjöl:** (önnur gögn): Frétt af síðu Borgarbyggðar, 10. janúar 2011

- Mörg slys hafa orðið í beygjuni hjá Hrafnakletti því beygjan er blind og fólk keyrir hraðar en aðstæður leyfa. Því myndi gangbrautin hægja á umferð og vonandi fækka slysum í umræddri beygju.
- Að merkja öll skólahverfi í Borgarbyggð.
  - Borgarnes: bílar sem koma upp Bröttugötu vita ekki að þeir eiga von á að mæta yfir 100-200 börnum á leið í og úr skóla. Skilti er við sparkvöll skólans, en þegar þangað er komið ætti öllum að vera ljóst að um skólahverfi er að ræða. Færa þarf skiltið niður á horn Bröttugötu og Egilsgötu.
- Að gera Skallagrímögötu, Þorsteinsgötu, Helgugötu og hluta Skúlagötu í Borgarnesi að einstefnugötum.
  - Í Þorsteinsgötu hafa orðið tvö slys á börnum. Í annað skiptið var keyrt á barn á hjóli svo það hlaut lítil meiðsl og hitt þegar táningur féll af bifhjóli er hann mætti hópferðabíl, hann hlaut einnig lítil meiðsl. Gatan er of þröng þegar lagt er báðum megin og er því afar brýnt að gera hana að einstefnugötu.
- Vegagerðin hefur samþykkt að Borgarbyggð fengi einn hraðavara en hann varar ökumenn við ef ekið er yfir hámarkshraða. Hraðavarinn verður settur upp næsta haust (2011) við víkurnar í Borgarnesi.
- Algengt er að foreldrar grunnskóla barna í Borgarnesi keyri börnin sín alveg að dyrum skólans. Þarna getur skapast mikil hættu, sérstaklega þegar dimmt er, þar sem mörg börn fara gangandi í skólann. Erfitt getur verið fyrir þau að átta sig á hvert bílarnir stefna enda er ekki einfalt að snúa bílum við við skólann. Tvær hugmyndir að lausnum liggja á borðinu:
  - Annarsvegur að setja sleppitorg vestan við skólann (Svarfhóls megin). Þá keyra foreldrar í sleppitorgið og aka út Helgugötu og væri það í takt við einstefnu áætlanir vinnuhópsins. Þá yrði bílastæðum austan við sparkvöllinn lokað, en þar eiga foreldrar til að stoppa.
  - Og hinsvegur að búa til lítið hringtorg sunnan við skólann (neðan við Gunnlaugsgötu 19) þar sem bílastæðin eru. Þá þyrftu foreldrar ekki að

snúa við og þar af leiðandi yrði auðveldara fyrir gangandi börn að átta sig á hvert bílarnir stefna.

- Setja þarf upp vegrið við göngustíg sem liggur frá afleggjara Bjarglands og að Kvíarholti. Til hliðar við göngustíginn er annars vegar þjóðvegur og hinsvegar hár klettur. Þarna er keyrt afar hratt og við slæm veðurskilyrði er hætt á að bílstjórar geti misst stjórn á bifreiðum sínum með voðalegum afleiðingum.
- Í Bröttugötu er mikill skortur á bílastæðum og leggja íbúar gjarnan bílum sínum við gangstéttar sem þrengir götuna mikið. Bæði eru óhöpp þegar keyrt er á kyrrstæða bíla algeng í Bröttugötu, en einnig er þetta varhugavert vegna þess að fyrir ofan götuna er stór barnaskóli og geta kyrrstæðu bílarnir byrgt sýn ökumanna.
  - Til skoðunar er að gera bílastæði innan lóða í Bröttugötu.
- Sama vandamál er í Þórólfs götu og Sæunnargötu. Þar er skortur á bílastæðum og leggja margir íbúar við gangstéttina sem veldur mikilli slyshættu. Erfitt getur verið fyrir bílstjóra sem koma niður Þórólfs götu að sjá hvort annar bíll sé að koma á móti ef íbúar götunnar leggja í beygjunni (*mynd 1*).
  - Til skoðunar er að gera bílastæði innan lóða á móts við gatnamót Sæunnargötu og Þórólfs götu.
- Nú þegar búið er að lækka hámarkshraða í íbúðarhverfum er nauðsynlegt að setja upp fleiri skilti til að áminna bílstjóra.
  - Verið er að framkvæma aðgerð þessa.
- Gatnamót Skúlagötu og Brákarbrautar eru afar hættuleg, en hús var byggt á horni gatnamótanna svo erfitt er fyrir þá sem keyra niður Skúlagötu að Brákarbraut að sjá hvort bílar nálgist (*mynd 2*).
  - Erfitt er að leysa þetta mál en nú hefur verið tekið til skoðunar að setja stöðvunarskyldu á umferð sem kemur frá Brákarey og umferð frá Skúlagötu hafi því forgang.
- Gert var útskot hjá Landnámssetri sem nýtast átti sem bílastæði en flestir nýta hana sem hringtorg (*mynd 3, merkt með hring*).
  - Setja þarf upp P-skilti til að fólk átti sig á að um bílastæði er að ræða.



- En einnig þarf að mála brotalínu út í Brákareyju frá Landnámssetri til að fyrirbyggja framangreindan misskilning.
- Mikill skortur er á bílastæðum fyrir bæði Landnámssetur Íslands og Brúðuheima (*mynd 3, ný staði merkt með X*).
  - Hugmynd kom upp við vinnslu skýrslunnar að nýta auða byggingarlóð sem staðsett er fyrir aftan Skúlagötu 10 en einnig plan sem neðan er við minnisvarðann um Þorgerði Brák.
  - Þessi bílastæði gætu nýst fyrir bæði Brúðuheima og Landnámssetur Íslands.
  - Bera þarf hugmynd þessa undir Umferðaröryggishóp og fleiri hagsmuna aðila.
- Brúðuheimar hafa látið teikna fyrir sig bílastæði sem nýtast þegar/ef einstefna á skólaholtinu tekur gildi. Ekki er hægt að gera bílastæðin fyrr en akstursstefna verður ákveðin (*mynd 5*).
- Færa á biðskýli úr Sandvík og inn í enda Borgarvíkur. Opnað verður úr Borgarvík og inn á planið við afleggjara Bjargs og fjarstýrður armur settur til að loka leiðinni fyrir almenna umferð, sem skólabílstjóri hefði fjarstýringu að.
- Áætlað er að lýsa upp umferðareyjur á þeim hluta Borgarfjarðarbrautar sem liggur í gegnum Kleppjárnsreyki.
- Hugmynd er um að setja upp hellulagða gangbraut á Borgarbraut á milli gamla pósthússins og Farfuglaheimilisins Borgarnesi. Hún myndi einnig nýtast sem hraðahindrun.
  - Þar er fyrir sebra gangbraut en sérfræðingar telja þær veita falskt öryggi fyrir vegfarendur <sup>8</sup>.
  - Árið 2010 varð banaslys á gangbraut þessari þegar keyrt var á óvarinn vegfarenda.
  - Tillaga þessi varð til við vinnslu áætlunarinnar og þarf því að bera hana undir Umferðaröryggishóp og fleiri hagsmuna aðila.
- Afleggjari hjá Dílahæð er mjög hættulegur enda umferð þung og hröð (*mynd 4*).

---

<sup>8</sup> Skýrsla Grindavíkur. 2010:14

- Hægt væri að opna þar sem X er merkt á myndinni. Þar myndi umferð að sunnan beygja inn og þeir sem leið ættu suður myndu beygja þar út. En gömlu gatnamótin yrðu notuð fyrir norðurleið.
- Tillaga þessi varð til við vinnslu áætlunarinnar og þarf því að bera hana undir Umferðaröryggishóp og fleiri hagsmuna aðila.
- Til stendur að bæta lýsingu þjóðvegsins frá hringtorgi við gatnamót Snæfellsnesvegs og að Hamri.
- Mikið hefur verið rætt um að gera ætti jarðgöng við gatnamót þjóðvegarins og Bjargslandsins.

## Slys á þjóðvegum í Borgarbyggð

Ljóst er að efla þarf umferðaröryggi í dreifbýli Borgarbyggðar svo um munar. Bera þarf bundið slitlag á marga sveitavegi og oftast en ekki eru þeir svo mjóir að varasamt er þegar bílar mætast. Ef mörg slys verða á stuttum vegkafla er auðséð að þar þarfnast úrbóta, en allar úrbætur á vegum í þéttbýli eru í höndum Vegagerðarinnar. Hér verða taldir upp svartblettir á þjóðvegum í Borgarbyggð.

Átta slys urðu á Uxahryggjavegi, fjögur þeirra urðu í beygju hjá Mávahlíð. Af þessum átta slysum var eitt með mjög alvarlegum meiðslum, eitt með litlum meiðslum og hin án meiðsla. Slysátíðni á þessum vegkafla er 6,9% sem er afar hátt (*mynd 6*)<sup>9</sup>.

Á Hringveginum, frá afleggjara Hvítárvallavegs að Borgarfjarðarbraut urðu 19 slys á 9 km vegkafla. Þrjú þeirra voru með alvarlegum meiðslum og urðu tvö þeirra í beygju sunnan við Svignaskarð, hitt varð við Stóra-Fjallsveg. Fjögur slysanna voru án meiðsla og urðu þau öll í beygju norðan við Galtarholt. Tólf slysanna voru án meiðsla. Slysátíðni vegkaflans er 0,9% (*mynd 7*)<sup>9</sup>.

Mikið er um útafakstur á Hvítársíðuvegi (Þverárhlíðarvegur að Sámsstöðum), fjögur af sjö slysum á Hálsasveitarvegi urðu vegna útafaksturs. Þrjú af fjórum útafökstrum urðu hjá Sámsstöðum með litlu millibili. Þrjú slysanna urðu þegar ekið var á skepnu. Eitt slysanna var

<sup>9</sup> **Fylgiskjöl:** Töflur, loftmyndir og ýmis tölfræði.

með alvarlegum meiðslum (útafakstur), tvö með litlum meiðslum (útafakstrar) og fjögur án meiðsla (þrisvar keyrt á dýr og einn útafakstur). Slysafíðni vegkaflans er 8% (*mynd 8*)<sup>10</sup>.

Á Snæfellsnesvegi í krappri beygju við bæinn Laufás hafa orðið þrjár útafakstrar með litlu millibili. Tveir þeirra voru með alvarlegum meiðslum en hinn með litlum meiðslum. Á vegkafla frá gatnamótum hringvegsins og Snæfellsnesvegs að Álftaneshreppsvegi urðu tíu slys. Eitt með alvarlegum meiðslum, fimm með litlum meiðslum og fjögur án meiðsla. Níu af tíu af þessum slysum voru árekstrar eða útafkeyrslur. Eitt óhapp varð sem rekja má til ástands vegar. Slysafíðni á vegkafla þessum er 0,8% (*mynd 9*)<sup>10</sup>.

Biskupsbeygja á Holtavörðuheidi er mikil slysagildra og urðu 36 slys á 11,5 km vegkafla, en mælt var frá Forna-Hvammi að sýslumörkum. Slysafíðni á vegkafla þessum er 2,3%<sup>10</sup>. Þrjátíu þessara slysa voru án meiðsla, fjögur voru með litlum meiðslum og tvö með mjög alvarlegum meiðslum. Í tíu skipti var keyrt á skepnu (þar af sex sinnum við Forna-Hvamm), í fjögur skipti varð árekstur, keyrt var á kyrrstæðan bíl í tvö skipti og útafakstur varð tuttugu sinnum (oftar en ekki við Forna-Hvamm). Til stendur að girða með vegkafla hjá Forna-Hvammi til að takmarka aðgengi sauðfjár að veginum (*mynd 10*).

Á vegkafla frá Kolbeinsstöðum að Geiteyri var keyrt níu sinnum á skepnu og fimm útafakstrar urðu, þar af einn með alvarlegum meiðslum. Mögulega er vegur á vegkafla þessum of mjór en einnig gætu tildrög einhverra slysa verið þegar bílstjórar sveigja útaf vegi til að forðast árekstur við skepnur (*mynd 11*).

Við Sveinatungu í Norðurárdal hafa tíu bifreiðar keyrt útaf vegi á aðeins 6 km kafla. Þar að auki hafa tvö óhöpp orðið þegar bifreiðar reyndu að taka framúr. Tveir útafakstranna urðu á nákvæmlega sama stað, 150 m vestur af afleggjara að Sveinatungu og voru þeir báðir með litlum meiðslum (*mynd 12*).

Á Hringveginum hjá afleggjara Vestfjarðavegs urðu fimm slys, þar af þrjú með mjög alvarlegum meiðslum og tvö með litlum meiðslum. Frá Vestfjarðavegi að Norðurárdalsvegi urðu 13 slys, þar af eitt með mjög alvarlegum meiðslum, fjögur með litlum meiðslum og átta án meiðsla. Slysafíðni vegkaflans er 0,7% (*mynd 13*)<sup>10</sup>.

<sup>10</sup> **Fylgiskjöl:** Töflur, loftmyndir og ýmis tölfræði.

Á Hringveginum milli Snæfellsvegs og Hvítárvallavegs er slysatíðni 1,3%<sup>11</sup>. Vegkaflinn er 8,6 km langur og urðu 31 slys þar. Hér verða taldir upp hættu staðir á vegkafla þessum:

- Á tæpum kílómetur urðu fimm útafakstrar við Beigalda og Brennistaði í Norðurárdal. Fjögur slysanna urðu yfir vetrarmánuðina og gæti það verið ein af orsökunum (*mynd 14*).
- Við sveitabæina Gufuá og Eskiholt urðu sex slys á 700 m vegkafla. Þar keyrðu tvær bifreiðar út af vegi, tvær bifreiðar lentu í óhappi er tekið var framúr og tvisvar var keyrt á skepnur. Í tveimur tilvikum urðu lítil slys á fólki en í hinum sluppu farþegar án meiðsla (*mynd 14*).
- Í hringtorgi hjá Snæfellsnesvegi hafa orðið mörg slys undan farin ár. Meðal annars vegna óeðlilegs halla í hringtorginu, hann hefur verið lagaður og slysum fækkað í kjölfarið (*mynd 9*).
- Margir árekstrar urðu á afleggjara frá Atlantsólú út á Hringveg, einn þar sem tveir einstaklingar slösuðust alvarlega, þ.á.m. 2 ára gamalt barn. Afleggjarinn var lagaður til hálf árið 2010, þ.e. að hann var lagaður fyrir umferð sem kemur að sunnan. Enn á eftir að laga afleggjarann fyrir umferð sem kemur að norðan (*mynd 15*).
- Á afleggjara hesthúshverfisins út á Hringveginn hjá Borgarnesi hafa orðið þrjú slys. Eitt með litlum meiðslum og hin án meiðsla (*mynd 15*).
- Fyrir fáeinum árum kom sú tillaga frá foreldrafélagi Grunnskólans í Borgarnesi að undirgöng yrðu sett undir Borgarbraut á móts við leikskólann Klettaborg. Umferð þótti á þeim tíma ekki næg til að réttlæta kostnað við göngin. Nú hefur umferð hinsvegar aukist mikið og er því vert að endurskoða tillögu foreldafélagsins að nýju.
- Ábendingar bárust vegna gatnamóta Borgarfjarðarbrautar og Hvanneyrarvegs sem þykja afar varasöm. Slysatíðni á gatnamótum þessum er 4,9% (*mynd 15*)<sup>11</sup>.
- Á Borgarfjarðarbraut frá afleggjara frá Borgarfjarðarbrú að Hvanneyri hafa orðið mörg slys, misalvarleg. Ábendingar bárust frá íbúum að vegkafli þessi væri of mjór. Sex bifreiðar óku út af vegi, tvö slysanna með litlum meiðslum en hin án

<sup>11</sup> **Fylgiskjöl:** Töflur, loftmyndir og ýmis tölfraði.

meiðsla. Einn árekstur varð þegar bílar mættust, en enginn meiddist. Tvær aftanákeyrslur urðu, báðar án meiðsla. Tvisvar sinnum var ekið á fastan hlut á akbraut.

- Á og við Borgarfjarðarbrú hafa orðið 8 slys. 4 sinnum var ekið á fastan hlut á akbraut (þrisvar án meiðsla og í eitt skipti með litlum meiðslum), ein framanákeyrsla varð með litlum meiðslum, 2 útafakstrar urðu (einn án meiðsla og einn með litlum meiðslum), í eitt skipti var keyrt á óvarinn vegfarenda sem steig út úr bíl sínum í vegkanti. Hann slapp með lítil meiðsl.
- Á gatnamótum Borgarfjarðarbrautar og hringvegsins (hjá Seleyri) hafa orðið sjö slys. 3 aftanákeyrslur (tvær án meiðsla og ein með litlum meiðslum), í eitt skipti var keyrt útaf og var það án meiðsla og í 3 skipti var ekið í veg fyrir annan bíl (tvisvar með litlum meiðslum og í eitt skipti án meiðsla) (*mynd 16*).

## Heimildaskrá

Í neðanmálsgreinum í áætlun þessari hafa allar heimildir sem finna má í fylgimöppu verið tiltekna. Aðrar heimildir eru hér að neðan, og í neðanmálsgrein heimildaskráarinnar eru upplýsingar um hvar þær er að finna.

Línuhönnun. 2006. *Hraðatakmarkandi aðgerðir* – skýrsla Vegagerðarinnar og Rannsóknarráðs Umferðaröryggismála.<sup>12</sup>

Mannvit og Verkís. 2010. *Þjóðvegir í þéttbýli* – skýrsla Vegagerðarinnar.<sup>13</sup>

Mannvit. 2010. *Umferðaröryggisáætlun sveitafélaganna; leiðbeiningar* – skýrsla Umferðarstofu og Vegagerðarinnar.<sup>14</sup>

Umferðardeild Vegagerðarinnar. 2009. *Umferðartölur 2009* – skýrsla Vegagerðarinnar.<sup>15</sup>

---

<sup>12</sup> Heimild þessa má nálgast á síðu Vegagerðarinnar.

<sup>13</sup> Heimild þessa má nálgast á síðu verkfræðistofunnar Mannvits.

<sup>14</sup> Heimild þessa má nálgast á USB-kubbi sem fylgir möppu.